

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Akureyrarbæjar fyrir gjöld skv. lögum um mannvirki og skipulagslögum og önnur afgreiðslu- og þjónustugjöld, nr. 572/2017.

1. gr.

2.4. gr. gjaldskrárinnar orðast svo:

2.4 *Kostnaður vegna framkvæmdaleyfis.*

Fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis í samræmi við 13.–16. gr. skipulagslaga skal greitt gjald sem nemur kostnaði Akureyrarbæjar við umsýslu og málsmeðferð vegna útgáfu leyfis og lögbundins eftirlits með framkvæmdum.

- | | |
|---|---------------|
| 1. Minniháttar framkvæmdir | 70.486 kr. |
| 2. Framkvæmdir sem falla undir ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 | 140.972 kr. |
| 3. Umfangsmiklar framkvæmdir | Skv. samningi |

Skipulagsráð metur hverju sinni hvort talin er þörf á samningi milli Akureyrarbæjar og umsækjenda um útgáfu leyfis og lögbundins eftirlits byggt á umfangi framkvæmda, stærð framkvæmdasvæðis, tímalengd framkvæmda, eftirlitsþörf o.s.frv. Fjárhæð gjaldsins skal endurspegla kostnað við vinnu Akureyrarbæjar vegna undirbúnings og eftirlits með framkvæmdunum í samræmi við áætlun. Í samningnum skal m.a. gera grein fyrir kostnaði vegna aðkeyprtrar vinnu ef hún er talin nauðsynleg við undirbúning eða eftirlit.

2. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 og 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast gildi við birtingu.

Samþykkt í bæjarstjórn Akureyrarbæjar 3. mars 2020.

F.h. Akureyrarbæjar, 24. júní 2020,

Inga Þöll Þórgnýsdóttir bæjarlögmaður.